

## L Ö G

um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971,  
sbr. lög nr. 112/1972 og 62/1974.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

43. grein breytist svo:

## 1. Liður b. orðist svo:

Nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir, eftir tilvísun samlagslæknis hjá sérfræðingum, þó þannig að samlagsmaður greiði kr. 600.00 fyrir hverja komu til sérfræðings.

## 2. Liður c. orðist svo:

Lyf, sem samlagsmanni er brýn nauðsyn að nota að staðaldri. Af öðrum nauðsynlegum lyfjakostnaði greiðir samlagsmaður ávallt fyrstu 300 kr. samkvæmt Lyfjaverðskrá I og fyrstu 600 kr. samkv. Lyfjaverðskrá II, en sjúkrasamlag það sem á vantar fullt verð. Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þessi mörk, greiðir samlagsmaður það.

## 3. Liður d. orðist svo:

Röntgengreiningu og geislameðferð samkvæmt gjaldskrá, sem daggjaldanefnd setur, þó þannig að samlagsmaður greiði ávallt 600 kr. fyrir hverja röntgengreiningu.

## 4. 12. málsgrein orðist svo:

Ráðherra er með reglugerð heimilt að breyta greiðslum samlagsmanna samkvæmt þessari grein, svo og að ákveða með reglugerð hámark eininga lyfjaávisana.

## 2. gr.

49. grein breytist svo:

Síðasta málsgrein greinarinnar orðist svo:

Framlög sveitarfélaga greiðast til sjúkrasamlaga mánaðarlega miðað við fjárhagsáætlun.

## 3. gr.

Á árinu 1976 skulu sveitarfélög innheimta 1% álag á gjaldstofn útsvara og skulu standa sjúkrasamlögum skil á fyrirframgreiðslu eða hlutfallslegri innheimtu þess mánaðarlega.

Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga samkvæmt 49. gr. skal taka tillit til þessa framlags til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

*Gjört að Bessastöðum 31. desember 1975.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Matthías Bjarnason.*